

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 11/2024

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2399 frá 6. október 2023 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362 að því er varðar tiltekna villur varðandi hermun með tölvuvæddri straumfræði ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMBÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 45zzy (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32023 R 2399**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2399 frá 6. október 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2399, 9.10.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/2399, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2023 frá 28. apríl 2023 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2399, 9.10.2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2023, 9.11.2023 og EES-viðbætur nr. 81, 9.11.2023, bls. 9.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.